## 7./8.fundur skólanefndar Hrunamannahrepps.
## Kjörtímabilið 2022-2026, 19.okt. 2023

**Mætt:** Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Elvar Harðarson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð. Árni Þór Hilmarsson aðstoðarskólastjóri, Fríður Sæmundsdóttir fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Margrét Sævarsdóttir fulltrúi foreldra. Ingveldur Eiríksdóttir leikskólastjóri Undralands, Valný Guðmundsdóttir fulltrúi starfsfólks Undralands, Dagný Lilja Birgisdóttir fulltrúi foreldra Undralands. Vilborg Ástráðsdóttir og Sigríður Björk Gylfadóttir fulltrúar Skeið- og Gnúpverjahrepps og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

### Fundarstaður: Flúðaskóli

*Fundargögn:*

a) *Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla*
b) *Skýrsla leikskólastjóra Undralands(væntanleg)*
c) *Skólanámskrá Flúðaskóla 2023-2024*
d) *Starfsáætlun Flúðaskóla 2023-2024*
e) *Drög að skólastefnu fyrir Hrunamannahrepp 2023-2030*

### Fundardagskrá

1. Kynning Skóla-og velferðarþjónustu á sérfræðiþjónustu

Gunnlaug Hartmannsdóttir og Anný Ingimarsdóttir kynntu fyrir skólanefnd sérfræðiþjónustu við skólanna. Góð umræða frá Skóla- og velferðarþjónustu og þakkar skólanefnd kærlega fyrir kynninguna á starfinu.

2. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla

***Flúðaskóli***

***Skýrsla skólastjórnenda 19.sept-19.okt***

*20.september fór yngsta stigið í haustferð í Þjórsárdal, gekk mjög vel í fallegu haustveðri.*
*Nokkur verkefni voru unnin í tilefni af evrópska tungumáladeginum 26.september. Uppbrot var í mötuneytinu af því tilefni. Verkefninu þó stillt í hóf þetta árið. Stefnt að stærri viðburðum annað hvert ár.*
*Kennaraþing var haldið 28.-29. september á Flúðum. Gekk vel þrátt fyrir aðstöðuleysi.*
*Foreldraviðtöl voru haldin 3.október, almennt mikil ánægja með starfið og þær breytingar sem hafa verið gerðar á kennsluháttum.*
*Ólympíuhlaup ÍSÍ fór fram miðvikudaginn 4.október, góð þáttaka og ánægja með viðburðinn. Við fengum ný vesti frá tryggingarfélaginu Verði sem kom sér vel fyrir hlaupið.*
*Aukið samstarf er á milli leik- og grunnskóla. Búið er að funda tvisvar sinnum og sameiginleg útikennsla er farin af stað.*
*Námsferð starfsfólks til Brighton gekk mjög vel og má segja að þeir sem þangað fóru hafi komið aftur uppfullir af góðum hugmyndum.*
*2 nýir nemendur hafa verið skráðir í skólann, báðir í 9.bekk.*
*Ævar Austfjörð sagði starfi sínu lausu frá áramótum 2023/2024. Auglýst verður í stöðuna bráðlega.*
*Framundan eru fjölmargir viðburðir, hér er stiklað á stóru:*
*-Danmerkurferð 10.bekkjar*
*-ML heimsókn 9.bekkjar*
*-Árshátíð yngsta og miðstigs*
*-Fermingarferð 8.bekkinga*
*-Heimsóknir í skólann frá Þýskalandi og Hollandi*
*-Dagur íslenskrar tungu og Halldórsmót*
*-Haustferð miðstigs*
*-Smiðjur unglinga og miðstigs*
*-Starfsdagur 23.nóv*
*-Opin vika 27.-30.nóvember*
*Árni Þór Hilmarsson og Jóhanna Lilja Arnardóttir*

EH VG KÞ FS MS SBG

Lögð fram til kynningar.

Sveitarstjóri ræddi framkvæmdir í Flúðaskóla og áætluð verklok.

3. Skýrsla leikskólastjóra Undralands(b)

***Skýrsla leikskólastjóra Undralands***
***Haustönn 2023***
*September og október Frá Elmu Jóhanns staðgengli*
***Starfsfólk***
*Engin umsókn var um stöðu sérkennara. Ingveldur og Auður Hanna Gríms sinna henni og við erum að skipta á milli okkar verkum. Auður Hanna lýkur Þroskaþjálfara námii vor. Elma er deildarstjóri á Grænhól, Auður Hanna á Hofi og Sintija er deildarstjóri skapandi náms og útináms. Þrjú tvítyngd börn eru í leikskólanum um þessar mundir. Einn á Grænhól og tveir á Hofi.*

Leikskólastjóri ræddi um starfsmannamál Undralands.

*Stöðugildi eru 12,9 við umönnun barna*
*Matráður – 1 stöðugildi*
*Skólastjóri 1 stöðugildi*
*4 starfsmenn eru að læra íslensku og þrjár þeirra eru með B.ed í leikskólakennarafræðum og 2 hafa lokið kennsluréttindanámi og hafa lögleg starfsréttindi hérlendis. Ein er með aðra háskólamenntun – master.*
*3 starfmenn eru nú með kennsluréttindi*
*2 starfsmenn eru með b.ed í leikskólakennarafræðum*
*2 starfsmenn eru með aðra háskólamenntun – B.Sc og önnur er með mastersgráðu að auki.*
*1 leikskólaliði starfar við skólann*
*3 hafa lokið stúdentsprófi*
*3 hafa grunnskólapróf og hafa lokið nokkrum önnum í framhaldsskóla.*

*Nú í nóvember og um áramót hætta 2,5 staða.*
*Enn vantar okkur fólk til að geta tekið inn yngri börn en 18. mánaða en við getum tekið á móti öllum 18. mánaða börnum.*
*Það er því verkefni áfram að finna starfsfólk.*
*Ég vona þó að það verði auðveldara eftir því sem tíminn líður /en það mun taka tíma) einkum vegna:*

*Skóladagatals – viðhorfs til leikskólans fer batnandi – umtal og viðhorf starfsfólksins til vinnustaðarins og vilja sveitarfélags til skólaþróunar og metnaðarfulls leikskólastarfs.*
***Verkefni framundan***
*Við tökum þátt í bleikum föstudegi, hrekkjavöku og degi íslenskrar tungu.*
*Til stendur að fá skyndihjálpar námskeið á starfsdegi 23. nóvember.*
*Einnig er fyrirhugað námskeið fyrir nýtt og ungt starfsfólk nú á haustönn sbr. endurmenntunaráætlun.*
*Helstu verkefni stjórnunarteymis fram til áramóta og mín eru:*

*Starfsáætlun 2023 – 2024*
*Endurskoðun námskrár og vinna með aðilum skólasamfélagsins að henni út frá nýrri skólastefnu.*
*Starfslýsingar*
*Skipulag sérkennslu*
*Endurskoða og þróa samstarf við grunnskólann vegna elstu barnanna okkar.*
*Starfsmannahandbók*
*Kafli fyrir nýtt starfsfólk*
*Handbók deilda Fjárhagsáætlanagerð*
*Fimm ára framkvæmdaáætlun*
*Viðhald*

*Búnaður*
*Vinnuaðstaða*
*Form gera þróunarverkefnið – Aldursblöndun á Hofi og hringekja*
*Styrkja verkefnið „Barnstýrðir matartímar" sjá grein í Netlu um Matstofu í Aðalþingi*
*https://netla.hi.is/greinar/2023/alm/10.pdf*

*Við erum ánægð í leikskólanum, það er góður andi og starfsfólk er jákvætt og opið fyrir áskorunum.*

Lögð fram til kynningar

Skólanámskrá og starfsáætlun Undralands verður tekin fyrir og rædd á næsta skólanefndarfundi.

3. Skólanámskrá Flúðaskóla(c)
Lögð fram til kynningar.

4. Starfsáætlun Flúðaskóla(d)
-áætlun Flúðaskóla um innra mat(d)
Athugasemdir komu fram varðandi framsetningu á áætlunum í skólanámskrá og starfsáætlun Flúðaskóla og áætlað er að ræða það frekar á næsta fundi.
Athugasemdir um að efnisyfirlit sé í starfsáætlun.

5. Tillögur að gjaldskrám og áherslur skólanna við gerð fjárhagsáætlunar. Sveitastjóri kom og kynnti fyrir okkur áætlun að fjárhagsáætlun. Lagt upp með 8% hækkun á gjaldskrám í leik- og grunnskóla. Skólanefnd samþykkir þær forsendur sem liggja að baki tillögum og kynntar voru. Áherslur skólanna við gerð fjárhagsáætlunar voru ræddar.

6. Innleiðing skólastefnu-kafli um Nám og uppeldi-umræða(e)
Skólastefna Hrunamannahrepps er tilbúin en klára þarf formála skólastefnunnar og gera aðgengilega öllum á heimasíðu sveitarfélagsins.Umræða um stöðu á innleiðingu á þeim punktum sem fram koma í kafla um nám og uppeldi. Staðan á því sem fram kemur er flest farið af stað í skólunum en komið mislangt á veg.

Næsti fundur áætlaður í lok nóvember/byrjun desember.

Elvar Harðarson
Fríður Sæmundsdóttir
Valur Guðm.
Ingv. Eiríksd
Katrín Þorvaldsdóttir
Margrét Sævarsd.
Vilborg Ásträðsd.
Sigríður Björk Gylfadóttir